

## **Fræðslustefna Áss styrktarfélags 2008 - 2015.**

Stefna félagsins er að starfsfólk hafi aðgang að sí - og endurmenntun. Fræðslan sé skipulögð og leiði af sér meira sjálfstraust og sjálfstæðari vinnubrögð. Hagsmunir starfsmannsins og vinnuveitanda skulu fara saman að þessu leyti, báðum til góðs.

### **Fræðsla í boði er m.a.:**

- Nýliðafræðsla.
- Fræðsla sem beint er til ákveðinna starfsmannahópa.
- Reglubundin námskeið í skyndihjálp einnig á léttlesnu máli.
- Fræðsla fyrir stjórnendur.
- Fræðsla á starfsdögum þjónustustaða og búsetu.
- Fræðsla á starfsmannafundum eftir því sem við á.
- Fræðsludagur fyrir sumarafleysingafólk.
- Vettvangsferðir með það að markmiði að starfsfólk kynnist öðrum vinnustöðum og efli samvinnu.
- Annað sem þörf er á hverju sinni.

### **Af hverju stefna í fræðslumálum?**

Góð þjónusta einkennist af vönduðum vinnubrögðum, jákvæðum viðhorfum, færni starfsmanna og þekkingu. Þess vegna teljum við símenntun lykil að góðri þjónustu. Menntun temur fólki að beita öguðum vinnubrögðum, tileinka sér nýjungar og verða gagnrýnni á eigin viðhorf og vinnu. Í fræðslunni endurnýjar starfsfólk starfsorku sína og færir vinnuveitanda aukna þekkingu.

### **Tímalengd og endurskoðun**

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftar ef þörf er á.

### **Samþykkt.**

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni. Samþykkt í stjórn 20. febrúar 2008.